

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 830/2011 um ökuskírteini.

1. gr.

Við 2. gr. reglugerðarinnar bætist ný 3. málsgrein svohljóðandi:

Ríkislögreglustjóra er heimilt að gefa út stafrænt ökuskírteini til viðbótar við hefðbundið ökuskírteini. Á stafrænu ökuskírteini skulu koma fram sömu upplýsingar og á hefðbundnu ökuskírteini, sbr. 3. kafla 1. viðauka við reglugerð þessa. Stafrænt ökuskírteini gefið út af ríkislögreglustjóra hefur á íslensku yferráðasvæði sama gildi og hefðbundið ökuskírteini. Handhafi stafræns ökuskírteinis ber ábyrgð á að stafrænt ökuskírteini sé virkt og aðgengilegt við umferðarefirlit.

2. gr.

Við 3. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Umsókn um stafrænt ökuskírteini fer fram á vefsvæðinu www.island.is á því formi sem ríkislögreglustjóri ákveður.

3. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 11. mgr. 58. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 11. júní 2020.

Sigurður Ingi Jóhannsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.